Nr. 7.
9. febrúar.

# Lög

um

horfelli á skepnum o. fl.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Skylt skal hreppstjórum og hreppsnefndum að hvetja hreppsbúa sína til að hafa nægilegt fóður og húsrúm handa fjenaði þeim, er þeir setja á vetur, og brýna jafnframt fyrir mönnum þá ábyrgð, er þeir geti bakað sjer með því að láta fjenað sinn verða horaðan eða horfalla.

2. gr.

Hreppstjóri skal á haustreppaskilum ár hvert annast um, að kosnir sjeu 2—4 menn til þess að hafa eptirlit með fóðurbirgðum hreppsbúa og meðferð búpenings í hreppnum. Það er skylda þessara manna að leiðbeina hreppsbúum í öllu, er lýtur að heyásetning og meðferð búpenings. Verði þeir þess varir, að fjenaður einhvers búanda sje illa hirtur eða ætlað of lítið fóður eða húsrúm, skulu þeir áminna þann, er í hlut á.

Um kosningarrjett, kjörgengi og skyldur til þess að takast þennan starfa á hendur gilda sömu ákvæði og um kosningar til hreppsnefnda.

3. gr.

Á tímabilinu frá 1. marz til 15. maí ár hvert skulu skoðunarmenn þeir, sem nefndir eru í 2 gr., skoða allan búpening í hreppnum og fóðurbirgðir hreppsbúa. Senda skulu þeir hreppstjóra skýrslu um skoðunina, þegar er þeir hafa lokið henni. Hreppsnefnd ákveður nánara, hvenær á þessu tímabili skoðun þessi skuli fram fara.

4. gr.

Hafi skoðunarmenn ástæðu til að ætla, að fjenaði einhvers hreppsbúa sje horfellir búinn vegna fóðurskorts, illrar hirðingar eða harðýðgi, þá skulu þeir skoða hjá þessum búanda svo fljótt, sem því verður við komið, og senda hreppstjóra skýrslu um skoðunina.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

Nr. 7.
9de
Febr.

om

## Kreaturers Død af Magerhed m. m.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Repstyrerne og Repsforstanderskaberne ere pligtige til at opfordre deres Repsbeboere til at have tilstrækkelige Huse og Foder til de Kreaturer, som de holde om Vinteren. Samtidig skulle de foreholde dem det Ansvar, de kunne paadrage sig ved at lade deres Kreaturer udmagres eller dø af Fodermangel.

§ 2.

Repstyreren skal paa det aarlige Efteraarsrepsting træffe Foranstaltning til, at der vælges 2—4 Mænd til at føre Tilsyn med Repsbeboernes Foderforraad og Behandlingen af Kreaturerne i Reppen. Det er disse Mænds Pligt at vejlede Repsbeboerne i alt med Hensyn til, til hvor mange Kreaturer deres Høforraad kan strække, samt med Hensyn til Kreaturernes Behandling. Saafremt de blive var, at en Bondes Kreaturer ere daarlig passede eller mangle tilstrækkeligt Foder eller Husplads, skulle de paaminde vedkommende.

Angaaende Valgret, Valgbarhed samt Forpligtelsen til at overtage det ommeldte Hverv gælde de samme Bestemmelser som med Hensyn til Valgene til Repsforstanderskaberne.

§ 3.

I Tidsrummet fra 1ste Marts til 15de Maj skulle de i § 2 nævnte Synsmænd aarlig syne alle Kreaturer i Reppen og Repsbeboernes Foderforraad, og naar Eftersynet er færdigt, skulle de tilstille Repstyreren en Beretning om samme. Repsforstanderskabet træffer nærmere Bestemmelse om, naar i bemeldte Tidsrum Eftersynet skal foregaa.

§ 4.

Hvis Synsmændene have Grund til at antage, at en Repsbeboers Kreaturer staa Fare for at omkomme af Fodermangel, Mangel paa Pasning eller haard Medfart, skulle de saa hurtig som muligt foretage Eftersyn hos vedkommende Bonde og tilstille Repstyreren Beretning om Eftersynet.

Nr. 7.
9. febrúar.

5. gr.

Nú verður fjenaður horaður eða fellur úr hor, og er að áliti skoðunarmanna um að kenna fóðurleysi, hirðuleysi eða harðýðgi þess, sem fjenaðinn hefur undir hendi, eða það sannast á annan hátt, og skal þá hreppstjóri tafarlaust tilkynna það sýslumanni, ásamt öllum málavöxtum, en hann tekur málið fyrir, og skal sá maður sæta sektum frá 10 til 200 kr. eða einföldu fangelsi allt að 6 mánuðum.

6. gr.

Hreppstjóri skal bók halda, er hann ritar í allar skýrslur skoðunarmanna, en skýrslurnar skal hann senda sýslumanni og skulu þær lagðar fyrir sýslunefndina til eptirlits og athugunar. Í skýrslunni um skoðunargjörð þá, sem ræðir um í 3 gr., skal hverjum fjáreiganda gefin einkunn fyrir meðferð og hold búpeningsins. Lesa skal hreppstjóri upp skýrslur þessar á vorhreppaskilum ár hvert. Skýrslurnar skulu samdar eftir fyrirmynd, sem amtsráðið semur.

7. gr.

Fyrir skoðunargjörðir þær, sem um er rætt í 3. og 4. gr., skal greiða skoðunarmönnum borgun eptir samkomulagi við hreppsnefndina. Þó má borgunin eigi fara fram úr 2 kr. fyrir hvern dag, sem þeir eru að skoðunargjörðinni. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

8. gr.

Vanræki skoðunarmenn þær skyldur, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, varðar það alt að 50 króna sektum.

9. gr.

Sektir eptir lögum þessum renna í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið. Sýslumaður skal á manntalsþingi nákvæmlega grennslast eptir því, hvort lögum þessum hafi verið hlýtt, eða brot framið gegn þeim.

10. gr.

Með mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem opinber lögreglumál.

11. gr.

Með lögum þossum eru úr gildi numin lög 26. febr. 1898 um horfelli á skepnum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 9. febrúar 1900.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*Hørring.*

Nr 7. Lög 9. febrúar um horfelli á skepnum o. fl.

§ 5.

Nr. 7. 9de Febr.

Naar Kreaturer udmagres eller omkomme af Magerhed, og det efter Synsmændenes Skøn maa tilskrives Fodermangel, Mangel paa Pasning eller haard Medfart fra dens Side, som har Kreaturerne i sin Varetægt, eller dette bevises paa anden Maade, bør Repstyreren ufortøvet gøre Indberetning herom samt om alle Sagens Omstændigheder til vedkommende Sysselmand. Denne foretager derefter Sagen, og vil vedkommende være at anse med Bøder fra 10 til 200 Kr., eller simpelt Fængsel indtil 6 Maaneder.

§ 6.

Repstyreren skal holde en Protokol, hvori han indfører alle Synsmændenes Indberetninger, hvorefter han sender Indberetningerne til Sysselmanden, der forelægger dem for Sysselforstanderskabet til Eftersyn og Overvejelse. I Beretningen om den i § 3 omhandlede Synsforretning skal der for hver enkelt Kreaturejer gives en Vedtegning om hans Kreaturers Behandling og Huld. Disse Beretninger oplæses af Repstyreren paa de aarlige Foraarsrepsting. Beretningerne skulle være affattede efter et af Amtsraadet udarbejdet Skema.

§ 7.

For de i §§ 3—4 ommeldte Synsforretninger erholde Synsmændene Betaling efter Overenskomst med Repsforstanderskabet. Dog maa Betalingen ikke overstige 2 Kr. for hver Dag, som de anvende til Forretningen. Godtgørelsen afholdes af Kommunekassen.

§ 8.

Hvis Synsmændene forsømme de dem ifølge denne Lov paahvilende Pligter, anses de med Bøder af indtil 50 Kr.

§ 9.

Bøder i Henhold til nærværende Lov tilflyde Kommunekassen for den Rep, hvor Overtrædelsen er begaaet. Sysselmanden skal paa Mandtalstingene nøje eftergranske, om denne Lov er bleven efterkommet, eller den er bleven overtraadt.

§ 10.

Sager, som anlægges for Overtrædelse af denne Lov, behandles som offentlige Politisager.

§ 11.

Ved nærværende Lov ophæves Lov 26de Februar 1898 om Kreaturers Død af Magerhed.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 9de Februar 1900.**

---

**Ministeriet for Island, den 9de Februar 1900.**

*Hørring.*

---

*Ólafur Halldórsson.*